

Nr. 19-035 S 024 Dagur SK 17***Leki í vélarúmi og dreginn í land***

Skipaskr.nr.: 2906
IMO 9183099
Smíðaður: Spánn, 1998, stál
Útgerð: Dögun ehf
Stærð: 363,08 bt.
Mesta lengd: 27,00 m Skráð lengd: 23,78 m
Breidd: 8,50 m Dýpt: 6,70 m
Vél: Caterpillar, 744 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 5



Dagur © Fiskifrétir

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. mars 2019 var Dagur SK 17 á siglingu á Faxaflóa á leið frá Hafnarfirði. Veður: SV 7 m/s.

Samtengi á sjólögn í vélarúmi fór að leka og töluverður leki kom að skipinu þegar það var á siglingu. Vélstjórinn drap á aðalvélinni til að koma í veg fyrir skemmdir og vel gekk að lensa sjó úr vélarúminu. Óskað var eftir aðstoð við að koma skipinu til hafnar þar sem ekki var talið ráðlegt að ræsa aðalvélina aftur ef sjór hefði komist inn í hana. Dráttarbátar Hafnarfjarðarhafnar drógu skipið til Hafnarfjarðar.



Mynd no 1. Rauða örin bendir á samtengið sem fór í sundur.

Við rannsókn kom fram:

- að lögnin var úr rústfríu efni og hafði verið sett upp fyrir um þremur árum;

- að í ljós kom að annar kóninn í samtenginu var upp tærður (*sjá mynd 2*);
- að sérfræðingur í vökvalögnum taldi að orsökinn væri spennutæring vegna útleiðslu í skipinu;
- að fram kom að mikil útleiðsla hafði verið í skipinu áður sem lagfærð hafði verið fyrir rúmu ári síðan og settir upp nýir útleiðslumælur og hafði verið í lagi síðan.



Mynd no 2. Kóninn úr samtenginu hægra megin og nýr kónn vinstra megin til samanburðar

Nefndarálit:

Orsök atviksins var útleiðsla í skipinu.